

John Clinton var írskur að ætt og uppruna. Hann var mikilhæfur flautuleikari í London á fyrri hluta 19. aldar og einn sá fyrsti sem notaði nýungar Böhm-flautunnar þar um slóðir. Sjálfur var hann á sínum tíma þekktastur fyrir tilraunir og uppfindingar í flautusmíði og eru nokkur „patent“ eignuð honum. Hann skrifaði tölvert af flaututónlist og einnig fræðibækur um flautur og flautuleik.

Flautusólóið Entr'acte eftir George Bizet stendur á milli 2. og 3. þáttar í óperunni Carmen. Í nótunum stendur: „Klettar, ósnortin náttúra, alger einsemd, svartnætti. Smyglari birtist uppi á kletti og gefur merki. Smám saman koma fleiri ofan af klettunum. Menn bera þunga poka á bakinu“.

Gabriel Fauré var kennari og síðar skólastjóri við konservatóriuna í París. Hann samdi mikið af tónlist sem prófverkefni fyrir þá stofnun og þannig urðu Fantaisie og Morceau de concours til. Lagið Sicilienne er hins vegar úr verkinu Pelleas og Mélisande. Útsetningin fyrir tvær flautur og píanó er eftir enska flautuleikarann Trevor Wye.

Á 19. öld var vinsælt að útsetja fræg lög, ekki síst úr óperubókmenntunum, sem leikbrelluskemmtan og tækniprautir fyrir einleikara. Allmög verk fyrir tvær flautur og píanó eru af þessum toga. Tónlistin í Grand duo er eftir Rossini en að þessari útgáfu koma tveir aðrir höfundar við sögu flautuleikarinn Jules Demmersmann og óbóleikarinn Félix Charles Berthélemy. Í yfirskrift verksins er tekið fram að það sé gert fyrir flautu og óbó eða tvær flautur.

Skemmtiverkið Hora staccato eftir Dinicu er hér flutt í útgáfu sem Ervin Monroe gerði fyrir flautuleikarahjónin James og Jeanne Galway árið 1993.

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum
The cafeteria is open after the concert

Sumartónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Trio Romance

Guðrún Birgisdóttir
flauta

Martial Nardeau
flauta

Peter Maté
píanó

Þriðjudaginn 15. ágúst 2000 kl. 20:30

Efnisskrá

Guðrún Birgisdóttir hóf flautunám hjá Jóni H. Sigurbjörnssyni og Manuelu Wiesler og stundaði framhaldsnám í Paris við Ecole Normale de Musique og lauk einleikaraprófi frá þeim skóla. Frá árinu 1982 hefur Guðrún kennt við Tónlistarskólann í Kópavogi og síðastliðin fjögur ár einnig við Skólahljómsveit Laugarnesskóla. Hún hefur komið fram á fjölmörgum tónleikum hér heima og erlendis og gefið út geisladisk.

Martial Nardeau hóf ungur nám í flautuleik við Tónlistarskólann í Boulogne sur Mer og stundaði framhaldsnám í París og lauk einleikaraprófi frá tónlistarháskólanum í Versöldum. Áður en Martial fluttist til Íslands árið 1982 starfaði hann meðal annars við Lamoureux hljómsveitina í París. Martial hefur haldið fjölda tónleika auk þess sem hann hefur kennt við Tónlistarskólana í Reykjavík og Kópavogi. Hann er nú fastráðinn við Sinfóniuhljómsveit Íslands.

Peter Maté útskrifaðist frá tónlistarskólánnum í Kosice í Tékkóslóvakíu árið 1982 og stundaði framhaldsnám í Prag, þar sem aðalkennari hans var Valentina Kamcikóva. Peter Maté hefur oft unnið til verðlauna í alþjóðlegum tónlistardeppnum meðal annars á Ítalíu 1986 og 1989. Hann fluttist með fjölskyldu sinni til Stöðvarfjarðar árið 1990 en hefur búið í Reykjavík síðastliðin sex ár. Hann kennir við Tónlistarskólann í Reykjavík, leikur í Trió Reykjavíkur og hefur komið víða fram sem einleikari og í kammertónlist. Til eru upptökur og geisladiskar með leik hans.

Martial, Guðrún og Peter hafa starfað saman sem Trió Romance frá árinu 1995 og haldið tónleika meðal annars í París, Prag, Amsterdam, Ljubljana og San Fransisco. Pau hafa dregið fram í dagsljósið fáheyrð, jafnvel gleymd verk fyrir hljóðfæraskipanina tvær flautur og píanó. Verkið eftir John Clinton er eitt þeirra.

Til gamans má geta þess að fyrstu opinberu dúótónleikar Martials og Guðrúnar voru haldnir í Sigurjónssafni þegar þar hófst reglulegt tónleikahald fyrir 12 árum.

John Clinton
1810-1864

George Bizet
1838-1875

Gabriel Fauré
1845-1924

Gioacchino Rossini
1792-1868
Jules Demersseman
1833-1866
Félix Berthélémy
1829-1868

Grigoras Dinicu
1889-1949

Grand Trio nr.2 í A-dúr
Moderato
Adagio. Sostenuto
Finale. Allegro non troppo. Presto

Entra'acte úr óperunni Carmen
í útsetningu Ærvín Monroe

Fantaisie
Morceau de concours
Sicilienne

Guillaume Tell - Duo Brilliant

Hora Staccato